


## ✉ Re: Umsagnarbeiðni

Búið til	8.6.2021 13:54:04
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	8.6.2021 13:54:04
Tilheyrir	 202105-0019 - Umsögn um leit og rannsóknir á jarðefnum á hafsbotni utan netlaga frá ósi Markarfljóts til Þorlákshafnar.

### Efni

Re: Umsagnarbeiðni
--------------------

### Upplýsingar

Sent	8.6.2021 13:54:04	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	kg@os.is

### Innihald

<p>Góðan daginn,</p> <p>Tilvísun í mál nr. 202105-0019 (SS).</p> <p>Vísað er til tölvupósts frá Orkustofnun dags. 14. maí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform Eignarhaldsfélagsins Hornsteins ehf. um leit og rannsóknir á jarðefnum á hafsbotni utan netlaga frá ósi Markarfljóts til Þorlákshafnar.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgja umsókninni og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.</p> <p>Áætlaðar rannsóknir eru ólíklegar til að valda tjóni eða hafa óæskileg umhverfisáhrif. Þó má benda á að við Ölfusárós er mikilvægur fellistaður æðarfugls og ætti því að forðast umferð rannsóknarskipa og sýnatöku á því svæði frá 1. júní til 1. september ef kostur er.</p> <p>Almennt um möguleg áform um efnistöku telur Náttúrufræðistofnun að setflutningar á svæðinu eru örur og því ólíklegt að efnistaka muni raska setmyndunum með hátt verndargildi.</p> <p>Ef stefnt verður að umfangsmikilli efnistöku á öllu athugunarsvæðinu þarf að taka til skoðunar möguleg áhrif á búsvæði lífvera á grunnsævi, einkum botndýra þ.m.t. hrygningar- og uppeldisstöðvar ýmissa fisktegunda svo sem sandsílis. Neikvæð áhrif á mikilvæg búsvæði í sjó hafa bein áhrif á afkomu sjófugla sem</p>
--

nýta sér svæðin til fæðuöflunar þ.m.t. sjófugla úr alþjóðlega mikilvægum fuglabyggðum svo sem í Vestmannaeyjum.

Einnig þarf að meta möguleg áhrif á búsvæði og vistgerðir í fjörum, einkum svæði með hátt verndargildi t.d. fjölbreytt fjörubúsvæði milli Ölfusár og Þjórsár þar sem Þjórsárhraunið hefur myndað einstök skilyrði fyrir fágætar vistgerðir eins og fjörupolla. Hluti þess svæðis hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að verði á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Um er að ræða tvær tillögur sem skarast, annars vegar „Stokkseyri-Eyrarbakki“ sem er svæði tilnefnt vegna fjöruvistgerða, fugla og sela og „Ölfusforir-Ölfusárós“ sem er tilnefnt vegna votlendis en Ölfusárós er innan þess svæðis. Þá hafa ósasvæði Þjórsár verið tilnefnd á B-hlutann vegna mikilvægra landselslátra og nálæg grunnsævi eru mikilvæg fæðuöflunarsvæði fyrir selina.

Þá má nefna að brimasamar líflitlar sandfjörur líkt og eru ráðandi milli Þjórsár og Markarfljóts eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, þó Náttúrufræðistofnun hafi metið þær með lágt verndargildi þar sem þær eru algengar hérlendis. Óvíða eru þær eins umfangsmiklar og á Suðurlandi.

Möguleg áhrif af umfangsmikilli efnistöku af sjávarseti úr sjó eru einkum röskun á búsvæðum á botni, gruggmyndun við efnistöku og áhrif á setflutninga. Setflutningar geta valdið breytingum á straumum og öldufari sem hafa mikil áhrif á hvernig vistgerðir koma fram í fjörum, þá sérstaklega setfjörum en brim hefur einnig mikil áhrif á lífmassa og tegundafjölbreytni grýttra fjara. Óvíst er hvort öll þessi áhrif verði til staðar innan mögulegs efnistökusvæðis en mikilvægt er að þetta verði allt metið vandlega.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Kristján Geirsson" <[kg@os.is](mailto:kg@os.is)>

**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>

**CC:** "Harpa Þórunn Pétursdóttir" <[harpa@os.is](mailto:harpa@os.is)>; "Þóra Margrét Þórsdóttir" <[m@os.is](mailto:m@os.is)>

**Subject:** Umsagnarbeiðni

**Date:** 14.5.2021 13:25:17

Meðfylgjandi er erindi Orkustofnunar, ásamt fylgiskjali, til Náttúrufræðistofnunar þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um áform Eignarhaldsfélagsins Hornsteins ehf. um leit og rannsóknir á jarðefnum á hafsbotni utan netlaga frá ósi Markarfljóts til Þorlákshafnar.

Vinsamlegast athugið að erindi þetta er einungis sent rafrænt með þessum tölvupósti, ekki verður sent prentað eintak af því.

Virðingarfyllst,

Kristján Geirsson, Ph.D, MPA

Verkefnastjóri – stjórnslá vatnsauðlinda

Manager – Water Resource Management



Orkustofnun /National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./  
Think of the environment before printing this message.

## Viðhengi

image001.png (19 KB)
----------------------

image001.png (5 KB)
---------------------